

149. löggjafarþing 2018–2019.  
Þingskjal 1954 — 953. mál.  
Síðari umræða.

## Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 og brtt. á þskj. 1876.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur, Hönnu Katrínu Friðriksson, Jarþrúði Ásmundsdóttur, Jóni Steindóri Valdimarssyni og Birni Leví Gunnarssyni.

1. Við brtt. á þskj. 1876. Liðurinn „Heildarafkoma“ hjá hinu opinbera, A-hluta, í töflu í 1. tölul. breytist og verði svohljóðandi:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Hið opinbera, A-hluti</b>					
Heildarafkoma* . . . . .	1,4	-0,9	-1,5	-1,5	-1,2
þar af ríkissjóður, A-hluti . . . . .	1,2	0,0	0,0	0,0	0,3
þar af sveitarfélög, A-hluti . . . . .	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
óvissusvigrúm . . . . .	-	-0,9	-1,5	-1,5	-1,5
þar af ríkissjóður . . . . .	-	-0,6	-0,6	-0,6	-0,6
þar af sveitarfélög . . . . .	-	-0,3	-0,3	-0,3	-0,3
þar af fjárfestingar . . . . .	-	-	-0,6	-0,6	-0,6

\* Samkvæmt tillögunni verður ráðist í fjárfestingar reynist hagþróun lakari en áætlanir gera ráð fyrir.

2. Við 3. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi:

Ráðist verði í allsherjarúttekt á þróun ríkisútgjalda undanfarin 10 ár og árangur útgjaldaaukningarinnar rannsakaður.